# REKSTRARLEYFI

*Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.*

| | |
|---|---|
| Leyfishafi: | Fiskeldi Austfjarða hf.* |
| Kennitala: | 540212-0930 |
| Aðsetur: | Laxabraut 9-11<br>815 Þorlákshöfn |
| Rekstrarleyfisnúmer: | FE-1184 |
| Leyfið gildir til: | 09.11.2037 |

| Starfsemi: | Í gildi frá: |
|---|---|
| SS 1 - Lax / Salmo salar | 09.11.2021 |
| AE 2 - Lax / Salmo salar | 09.11.2021 |

Landeldi. Hámarkslífmassi 2.500 t. Seiða- og matfiskeldi. Frjór laxastofn: StofnFiskur.

*Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.*

*Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.*

*Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa sem byggir á gagnagrunni um erfðaefni hjá framleiðanda hrogna.*

*Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.*

*Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.*

*Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.*

*Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.*

mast Matvælastofnun

Karl St. Óskarsson

Karl Steinar Óskarsson, deildarstjóri fiskeldis

*Rekstrarleyfið var upphaflega gefið út fyrir Laxar eignarhaldsfélag ehf. Rekstrarleyfið hefur verið framselt á nýjan rekstraraðila 10. október 2023 sbr. heimild í 17. gr. laga nr. 71/2008.

mast Matvælastofnun Icelandic Food and Veterinary Authority